



Reykjavík, 31. janúar 2012

ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði þriðjudaginn 31. janúar 2012 vegna tilkynningar, dags. 16. janúar 2012, þar sem tilkynnt var að lið KFR-Præstir hefði ekki mætt til keppni í 2. deild sunnudaginn 15. janúar 2012.

Skýringar KFR-Prasta á því hvers vegna liðið mætti ekki til leiks umrætt sinn bárust með tölvupósti formanns KFR dags. 16. janúar 2012. Þær skýringar voru gefnar að liðið taldi sig eiga að mæta til leiks fyrr en þriðjudagskvöldið 17. janúar og hefði þar af leiðandi ekki skoðað dagskrána nægilega vel.

Aganefnd tók málið fyrir á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.e. umræddrar tilkynningar og skýringa KFR-Prasta.

Í 11. gr. reglugerðar um aganefnd er m.a. kveðið á um heimild aganefndar til þess að refsli liði sem ekki mætir til leiks án þess að hafa fyrir því gilda ástæðu. Getur refsing í því sambandi verið brottrekstur úr keppni, stigatap, bann á alla leikmenn liðsins og/eða sektir. Á ákvæði þetta við um allar liðakeppnir í A- og B móturnum á vegum KLÍ.

Það er mat nefndarinnar, í ljósi þeirra skýringa sem gefnar hafa verið að misskilnings af hálfu liðsmanna KFR-Prasta hafi gætt umrætt sinn er olli því að liðið mætti ekki til leiks. Ekki er annað fram komið en að liðið hefði annars mætt til leiks umrætt sinn hefði dagskrá 2. deildar verið skoðuð gaumgæfilega. Í ljósi þess telur aganefnd ekki ástæðu til þess að gera liðinu refsingu á grundvelli ákvæðisins.

Þrátt fyrir framangreint, er sérstaklega kveðið á um það í 9. gr. reglugerðar um Íslandsmót liða að mæti löglega skipað lið ekki til keppni við lok upphitunar, skuli viðureignin úrskurðuð því liði töpuð og það lið sem mætir skal spila til að fá stigin. Segir síðan í 2. málslíð 9. gr. að sekta skuli það lið sem ekki mætir um a.m.k. það sem nemur tvöfaldri brautarleigu.

Ákvæðið er fortakslaust að því leyti að sekta skal lið sem ekki mætir til leiks. Er það niðurstaða nefndarinnar að slíkt beri að gera jafnvel þó nefndin telji ekki ástæðu til að gera liðinu refsingu á grundvelli 11. gr. reglugerðar um aganefnd.



Í ljósi framangreinds og þar sem lið KFR-Þrasta mætti ekki til leiks í 2. deild sunnudaginn 15. janúar 2012, er það niðurstaða aganefndar að sekta KFR-Þresti að fjárhæð kr. 14.000 sem jafngildir tvöfaldri brautarleigu.

Úrskurðarorð

KFR-Þrestir greiði KLÍ sekt að fjárhæð kr. 14.000

Ólafur Páll Vignisson, formaður aganefndar

Sigríður Klemensdóttir

Bragi Már Bragason